

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á skipulagsskrá fyrir Suzukitónlistarskólann í Reykjavík nr. 389 19. maí 2000.

Skólanefnd Suzukitónlistarskólans í Reykjavík hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 19. maí 2000.

7. gr. orðist svo:

Skólanefnd er skipuð þremur mönnum til 1 árs í senn. Einn er tilnefndur af Reykjavíkurborg, einn af kennurum skv. tilnefningu kennarafundar, og einn af foreldraráði skólans. Sá kennari sem tekur sæti í skólanefnd skal hafa minnst 3ja ára starfsreynslu sem Suzukikennari og próf í a.m.k. 2 Suzukiréttindastigum. Það foreldri sem tekur sæti í skólanefnd skal, ef þess er nokkur kostur, hafa faglega þekkingu af rekstri stofnana eða fyrirtækja. Það foreldri sem situr í skólanefnd má ekki eiga barn í námi hjá þeim kennara sem einnig situr í skólanefnd. Sé skólanefnd ekki fullskipuð, af ástæðum sem ekki verður við ráðið skal skólastjóri fara með oddaatkvæði þar sem við á.

Skólastjóri skal sjá til þess að nefndin sé fullskipuð og starfhæf í síðasta lagi 1. október ár hvert.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Suzukitónlistarskólann í Reykjavík staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.